



Lubbi finnur málbeinið

LEIKSKÓLINN SJÁLAND

FJÖLVÍSISTEFNA-MÁLGREIND

Anna Rannveig Aradóttir
tók saman

Velkomin í ferðalag með Lubba

Lubbi býður öllum börnum í leikskólanum Sjálandi í ævintýraferð um Ísland þvert og endilangt í leit að 35 málbeinum sem hjálpa honum að læra íslensku málhljóðin, fljótt og vel.

Um Lubba

Lubbi er íslenskur fjárhundur. Hann er duglegur að gelta og þá heyrir „voff - voff.“ En Lubba langar mikið til að læra að tala. Þá þarf hann að læra öll íslensku málhljóðin. Hann veit að þegar hann hefur lært þau öll losnar um málbeinið og hann getur leyst frá skjóðunni. Hann hefur örugglega frá mörgu að segja.

En hvernig getum við hjálpað Lubba að læra íslensku málhljóðin? Best finnst honum að naga bein og þess vegna líta málhljóðin út eins og bein. En hann þarf aðstoð við að finna málbeinin á myndunum og æfa þau.



Leitin að málbeinum

Lubbi hefur átt mjög annríkt undanfarin ár við að ferðast vítt og breitt um Ísland í leit að málbeinum. Honum hefur gengið vel að finna beinin með aðstoð allra barnanna sem lesið hafa Lubbabókina og hjálpað honum að finna málbeinin á myndunum. Einnig hafa margar mömmur og pabbar, ömmur og afar, kennarar og leiðbeinendur aðstoðað við leitina. Lubbi þekkir líka alla bókstafina, bæði stóru og litlu, og veit fyrir hvaða hljóð þeir standa.



Um bókina

Bókin um Lubba er hugsuð til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára og eru Íslensku máhljóðin í brennidepli. Höfundar bókarinnar, Þóra Másdóttir og Eyrún Ísfold Gísladóttir, eru talmeinafræðingar og hafa áralanga reynslu af talþjálfun barna. Í bókinni nýtist sérfræðipækning þeirra bæði börnum sem glíma við erfiðleika í máltöku og hinum sem læra málið án vandkvæða. Efnið stuðlar einnig að auðugri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð.

Í bókinni er sérhvert máhljóð kynnt með stuttri sögu, skemmtilegri vísu eftir Þórarin Eldjárn og glæsilegum myndum eftir Freydísi Kristjánsdóttur.

Á diskum sem fylgir prentuðu bókinni syngja börn úr Skólakór Kársness allar vísurnar við alþekkt lög.

Við höfum notast við you tube en nú er Lubbi komin á Spotify.

Í leikskólanum okkar er notast við Lubba til að efla málörvun á öllum kjörnum. Yngstu börnin hlusta á og læra Lubba lögin og æfa sig að mynda hljóðin með kennaranum sínum. Á Gulakjarna eru sögurnar Lesnar í hópátíma, lögin sungin og hljóðmyndun æfð. Eftir því sem börnin eldast og þroskast bætist meira við

Málfyrirmyndir Lubba

Lubbi veit að góðar málfyrirmyndir skipta höfuðmáli, m.a. er varðar ríkan orðaforða og skapandi notkun málsins. Hann veit líka að æfingin skapar meistarann og stefnir ótrauður að því að komast í hóp best mæltu Íslendinganna. Við í leikskólanum Sjálandi leggjum upp með að á öllum kjörnum séu sterkar málfyrirmyndir fyrir börnin og aðrir æfa sig með.



Fátt er vænlegra til árangurs í lífinu en að saman fari þekking og að tala skýrt og gott mál. Jafnframt er það mikill gleðigjafi að hafa góð tók á móturmálinu. Þar reynist hann Lubbi frábær félagi og kennari svo skýr og hljómmikill að okkur langar öll til að vera eins skýrmælt og hann.

VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR

BESTA FRÆÐIBÓKIN FYRIR BÖRN ÁRIÐ 2010

